LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Kristján Freyr Helgason

20. nóvember 2013

Efni: Umsögn um breytingu á reglugerð
nr. 470/2012 um veiðar á lúðu

Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að lúða sem komið er með að landi eigi að falla undir sömu reglur og annar afli varðandi sölu. Engar söluhindranir eins og lagt er til í reglugerðardrögunum.

LS ítrekar hér með samþykkt aðalfundar varðandi lúðuveiðar:

> **„Lúðuveiðar**
>
> Aðalfundur LS leggur til að heimiluð verði löndun á hvítlúðu (lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
>
> Aðalfundur LS mótmælir lúðuveiðibanni og leggur til að veiðar verði leyfðar með haukalóð á smábátum.“

LS minnir á áðursenda umsögn um lúðu frá 26. apríl 2011 sem fylgir með í viðhengi.

Virðingarfyllst,

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri